„Ég skil ekki þetta matsdót eða símat – getur þú ekki bara klárað þetta fyrir mig?“ Hugleiðingar um samhengið milli gæðastarfs Háskóla Íslands og góðrar kennslu

Háskólar leggja áherslu á gæði náms og kennslu og hafa þróað fjölbreytta ferla til að meta, tryggja og bæta gæði starfseminnar. Við Háskóla Íslands taka svið, deildir og námsleiðir þátt í margvíslegu gæðastarfi, meðal annars reglulegu mati, símati, sjálfsmati, gerð starfsáætlana og eftirfylgni með niðurstöðum mats. En hvernig tengjast þessir ferlar daglegu starfi kennara og raunverulegri þróun náms og kennslu?
Í erindinu verður fjallað um gæðastarf Háskóla Íslands með sérstakri hliðsjón af reynslu af slíkri vinnu á Menntavísindasviði. Sjónum verður beint að því hvernig formlegir gæðaferlar birtast í starfi, hvernig starfsfólk nýtir þá og með hvaða hætti þeir geta stutt við þróun kennslu. Gæðastarf getur reynst flókið og tímafrekt og hugtök, ferlar og ábyrgð eru ekki alltaf skýr. Afleiðingin getur orðið sú að starfsfólk upplifi vinnuna sem íþyngjandi stjórnsýslulega skyldu fremur en sem raunverulegt tækifæri til umbóta.
Á sama tíma byggir háskólastarf á sterkri hugsjón um gagnrýna ígrundun, þekkingarsköpun og stöðuga þróun. Ef gæðastarf á að stuðla að góðri kennslu þarf það að skapa rými fyrir samtal, þátttöku og faglega ígrundun. Mikilvægt er að raddir nemenda og starfsfólks hafi ekki aðeins formlegan sess í gæðakerfinu heldur einnig sýnileg áhrif á ákvarðanir og umbætur.
Í erindinu verður því hugleitt hvernig draga megi úr bilinu milli formlegra gæðaferla og kennsluþróunar og eins hvernig unnt sé að gera gæðastarfið merkingarbærara fyrir þá sem taka þátt í því.

Sverrir Óskarsson er aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennir meðal annars stefnumótun, skólaþróun og matsfræði. Hann hefur jafnframt starfað sem stefnufulltrúi Menntavísindasviðs og tekið þátt í stefnu- og gæðastarfi sviðsins.